



# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Kópavogi, 2. desember 2020.

## Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 103. mál.

Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu fer fram vinna á grundvelli barnalaga, við meðferð á málum vegna deilna foreldra um umgengni. Börn í þessari stöðu líða fyrir deilur foreldranna og vandséð hvernig refsing foreldris geti bætt þar úr. Líklegt er að refsingar muni herða enn deilur sem þegar eru á hæsta stigi ágreinings.

Mikilvægt er að allt regluverk og starf vegna deilumála foreldra um umgengni miði að því markmiði að koma foreldrum út úr hörðum atakafarvegi og í farveg samstarfs og foreldrasamvinnu. Þar liggja möguleikarnir til að auka farsæld barna sem búa við deilur foreldra sinna um umgengni og forsjá.

Hinar hörðu deilur lúta oft að því hvort barninu er óhætt hjá foreldri eða ekki, hvort hindrun gegn umgengni er réttmæt eða ekki. Sýslumaður hefur verkefni og úrræði samkvæmt barnalögum sem beita á vegna deilna um umgengni. Til að úrræði barnalaga nýtist til fulls þarf sýslumaður að sinna rannsókn og vinnslu hvers og eins máls án nokkurra tafa. Þetta er ekki mögulegt í dag hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem of fáir starfsmenn eru þar til að sinna þessari þjónustu. Hin augljósa leið til að efla hið samfélagslega mikilvæga starf með skjótum hætti, er að styrkja beitingu þeirra úrræða sem þegar eru til staðar, stytta málsmeðferðartíma og auka þannig skilvirkni.

Bent er á fyrri umsagnir til Alþingis vegna sambærilegs frumvarps, frá [Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu](#), [Sýslumanninum á Suðurlandi](#) og [Umboðsmanni barna](#).

Virðingarfyllt  
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Eyrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri